

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 27. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-61/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 7. ágúst 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meints galla í bifreið af gerðinni Nissan Pathfinder, sem Z, hér eftir seljandi, hefur umboð fyrir hér á landi. Álitsbeiðandi segir að bifreiðin hafi verið haldin galla frá upphafi sem seljanda hafi borið að upplýsa hann sérstaklega um. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi komi til móts við þann kostnað sem hann hefur orðið fyrir vegna gallans.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 25. janúar 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 23. september 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi er eigandi bifreiðarinnar XX-000, af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2005. Þann 24. febrúar 2009 festi álitsbeiðandi kaup á bifreiðinni af bifreiðasölu Z, en félagið hefur nú verið afskráð. Seljandi hefur umboð fyrir Nissan bifreiðar hér á landi og starfar meðal annars við innflutning, sölu og viðgerðir á bifreiðum af þeirri gerð, auk samskipta við eigendur bifreiðanna að beiðni framleiðanda.

Álitsbeiðandi leggur fram gögn til kæruneftndarinnar þar sem fram kemur að bifreiðar af gerðinni Nissan Navara, árgerðir 2005 til 2012, hafi verið innkallaðar af seljanda fyrir hönd framleiðanda vegna galla í grind þeirra. Galli hefur samkvæmt gögnunum einnig komið upp í grind bifreiða af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerðum 2005 til 2012, en sá galli er ekki jafn umfangsmikill og í Nissan Navara bifreiðum. Opinber innköllun var því aðeins gefin út af hálfu seljanda vegna Nissan Navara bifreiða. Í fréttagreinum vegna málsins kveðst seljandi hins vegar hafa haft samband við viðurkennd þjónustuverkstæði og gefið þeim fyrirhælt um að skoða sérstaklega ástand grinda í bifreiðum af gerðinni Nissan Pathfinder. Hefur seljandi greitt eigendum slíkra bifreiða bætur vegna galla ef sérstök skoðun leiðir í ljós að grind bifreiðarinnar er ónýtt og bifreiðin er yngri en 12 ára gömul.

Í mars árið 2018 fór álitsbeiðandi með bifreiðina í grindarskoðun hjá Þ, sem er viðurkennt þjónustuverkstæði seljanda, en þar kom í ljós að grind bifreiðarinnar er ónýtt vegna tæringar. Álitsbeiðandi segir að honum hafi ekki verið kunnugt um mögulegan galla í grind bifreiðarinnar fyrr en þá. Þegar álitsbeiðandi óskaði eftir því að grindin yrði skoðuð, rak starfsmaður bifreiðaverkstæðisins að sögn álitsbeiðanda „upp stór augu yfir því að ekki sé búið að skoða bílinn m.t.t. þessa“. Í kjölfar skoðunarinnar segir álitsbeiðandi að starfsmaður verkstæðisins hafi sagt að hann ætti ekki að aka bifreiðinni í þessu ástandi. Álitsbeiðandi hefur krafist seljanda um skaðabætur vegna galla í grind bifreiðarinnar en seljandi hefur hafnað þeirri kröfu þar sem bifreið álitsbeiðanda er eldri en 12 ára.

Álitsbeiðandi segir að seljanda hafi verið ljóst í lok árs 2016 að grindur í bifreiðum af þessari tegund væru gallaðar en frá þeim tíma hefur bifreið álitsbeiðanda m.a. farið í smurningu og þjónustuskoðun án athugasemda. Álitsbeiðandi telur að seljanda hafi borið að hafa samband við eigendur Nissan Pathfinder bifreiða að fyrra bragði og reyna að gera sér grein fyrir umfangi gallans með skipulagðri skoðun í stað þess að aðhafast ekkert og láta tímenn líða. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi aldrei farið fram á að bifreiðin væri metin og ekki hafi verið varað við því að grind bifreiðarinnar gæti verið ónýtt. Seljandi hafði að mati álitsbeiðanda nægan tíma til að beina þeim tilmælum til eigenda Nissan Pathfinder bifreiða að láta meta grindina í bifreiðum þeirra en það var ekki gert. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi vísvitandi tafið málið þar til bifreiðin var orðin eldri en 12 ára. Þá bendir álitsbeiðandi á að í sumum tilfellum hafi seljandi greitt upp bifreiðar sem voru eldri er 12 ára. Álitsbeiðandi telur að af því megi ráða að seljandi viðurkenni gallann og bæti bifreiðar óháð aldri, þar á meðal af árgerð 2005, en eftir geðþóttaákvörðunum.

Álitsbeiðandi telur að seljandi þurfi að bera ábyrgð á því að hafa ekki gert eigendum viðvart og tjónið verði ekki alfarið látið falla á eigendur þessara bifreiða. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi komi til móts við kröfur sínar og bæti honum bifreiðina með sama hætti og gert hefur verið með aðrar Nissan Pathfinder bifreiðar eða greiði fyrir viðgerð á grindinni.

#### IV

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000, af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2005, þann 24. febrúar 2009, af félaginu Z. Seljandi hefur umboð fyrir Nissan bifreiðar hér á landi og sér meðal annars um tilkynningar frá framleiðanda og innkallanir vegna galla. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir neftndina verður ráðið að tæring í grindum bifreiða af gerðinni Nissan Pathfinder af árgerðum 2005 til 2012, sé að nokkru leyti þekkt vandamál sem seljanda var kunnugt um. Seljandi gaf þó ekki út tilkynningu vegna mögulegrar tæringar í grindum þeirra bifreiða heldur var aðeins gefin út innköllun á bifreiðin af gerðinni Nissan Navara.

Þegar meintur galli í grind bifreiðarinnar kom í ljós í mars árið 2018 voru 13 ár frá því bifreiðin var seld ný og um níu ár voru frá því álitsbeiðandi festi kaup á henni. Kæruneftndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

*„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“*

Þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla í bifreiðinni við seljanda voru liðin 13 ár frá því að bifreiðin var upphaflega seld, og um níu ár frá því að álitsbeiðandi festi kaup á henni. Kvörtunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 var því liðinn þegar tæring í grind bifreiðarinnar kom í ljós. Getur neftndin því ekki annað en hafnað kröfu álitsbeiðanda.

V  
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson